

## FASTEIGNASKATTUR, LÓÐARLEIGA, FRÁVEITA- OG VATNSGJALD Í PINGEYJARSVEIT - GJALDSKRÁ 2017

### 1. gr.

#### **Fasteignaskattar:**

##### **a. 0,625% af fasteignamati:**

Íbúðir og íbúðarhús ásamt lóðarréttindum, erfðafestulönd í dreifbýli og jarðeignir, útihús og mannvirki á bújörðum sem tengd eru landbúnaði, öll hlunnindi og sumarbústaðir ásamt lóðarréttindum.

##### **b. 1,32% af fasteignamati ásamt lóðarréttindum:**

Sjúkrastofnanir samkvæmt lögum um heilbrigðisþjónustu, skólar, heimavistir, leikskólar, íþróttahús og bókasöfn.

##### **c. 1,65% af fasteignamati, ásamt lóðarréttindum:**

Allar aðrar fasteignir, svo sem iðnaðar-, skrifstofu- og verslunarhúsnæði, fiskeldismannvirki, veiðihús og mannvirki sem nýtt eru fyrir ferðaþjónustu.

*Gjalddagar eru átta: 1. feb. 1. mars, 1.apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1.ágúst og 1. September og eindagi 3. dag næsta mánaðar. Álagning sem er 20.000 kr. eða lægri er innheimt með einum gjalddaga þann 1. apríl.*

#### **Reglur um afslætti af fasteignaskatti.**

Reglur þessar gilda um lækkun fasteignaskatts af íbúðarhúsnæði að hluta, eða fullu, hjá elli og örorkulífeyrisþegum sem búa sér í eigin húsnæði enda sé íbúðarhúsnæðið ekki notað til útleigu eða annarra nota.

Rétt til afsláttar eiga þeir;

- a) sem verða 67 ára á árinu eða eldri.
- b) sem eru orðnir örorkulífeyrisþegar fyrir 1. janúar 2016.

Ef um hjón eða samskattað sambýlisfólk er að ræða, ræður aldur eða örorka þess lífeyrisþega sem skráður er eigandi í fasteignaskrá.

#### **100% lækkun:**

Einstaklingar með árstekjur allt að kr. 3.025.000.-

Hjón með árstekjur allt að kr. 4.172.000.-

#### **50% lækkun:**

Einstaklingar með árstekjur frá kr. 3.025.001,- til kr. 3.781.000,-

Hjón með árstekjur frá kr. 4.172.001.- til kr. 5.266.000.-

Tekjuviðmið vegna afsláttar fasteignagjalda taki breytingum í samræmi við vísitölu neysluverðs til verðtryggingar 1. janúar hvert ár.

Annað verði óbreytt.

Við fráfall maka eða sambýlings skal fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði sem fjölskylda hins látna á og býr í, felldur niður að fullu árið eftir fráfallið.

**2. gr.**

***Vatns- og fráveitugjöld:***

Vatnsgjald	0,21 % af fasteignamati
Aukavatnsgjald	0,42 % af fasteignamati
Fráveitugjald	0,12 % af fasteignamati.

**3. gr.**

***Lóðarleiga:***

Lóðarleiga 1,00 % af fasteignamati.  
Lóðaleiga af landi samkvæmt sérstökum samningi þar um.

**4. gr.**

Gjaldskráin er samin og samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar og staðfest á fundi hennar þann 15.12.2015

*Samþykkt af sveitarstjórn Þingeyjarsveitar 15.12.2016.*